Alþingi
Erindi nr. Þ 136/209
komudagur 25.11.2008

LANDSSAMBAND smábátaeigenda

**Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis**
**Austurstræti 8-10**
**150 Reykjavík**

24. nóvember 2008

**Efni: Umsögn Landssambands smábátaeigenda um frumvarp til laga um umgengni um nytjastofna sjávar, 120. mál, útflutningur óunnins afla.**

Landssamband smábátaeigenda (LS) styður þá grundvallarhugsun sem fram kemur í frumvarpinu, að gera innlendum fiskverkendum kleift að bjóða í fiskafla sem ella yrði fluttur óunninn á erlenda fiskmarkaði.

LS vill þó gera athugasemd við þá kvöð sem í 1. gr. frumvarpsins um 24 klst tilkynningaskyldu áður en aflinn fer um borð í flutningsfar.

Þessi kvöð íþyngir fyrst og fremst dagróðrabátum, sem eru jafnvel að landa sama dag og flutningsfarið leggur úr höfn.
Þá veiða önnur skip sem hafa verið úti dögum saman iðulega daginn sem þau koma til hafnar.

LS leggur til að þessi kvöð sé orðuð á þann veg að skipstjóri fiskiskips skuli senda upplýsingar um aflann um leið og veiðum er hætt og haldið til hafnar.

Viringarfyllst
f.h. Landssambands smábátaeigenda

Arthur Bogason
formaður

Hverfisgötu 105, 101 Reykjavík • sími 552 7922 • fax 562 6590
ls@smabatar.is • www.smabatar.is